



## Vextir og bindiskylda við Seðlabanka Íslands

Vextir gilda frá og með 5. febrúar 2020

Bindihlutfall gildir frá og með 21. febrúar 2020

Með vísun til 22. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. sömu laga, ákveður Seðlabanki Íslands að vextir fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skuli verða eins og að neðan greinir.

Vextir <sup>1</sup>	Vextir á ári
1. Daglán	4,50%
2. Lán gegn veði til 7 daga	3,50%
3. Innlán bundin í 7 daga	2,75%
4. Viðskiptareikningar	2,50%
5. Bindiskyldar innstæður, meðaltalsuppfyllt	2,50%
6. Bindiskyldar innstæður, föst bindiskylda	0,00%

Aðrir vextir eru ákveðnir af bankastjóra hverju sinni. Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi fellur úr gildi tilkynning um vexti og bindiskyldu við Seðlabanka Íslands frá 11. desember 2019.

Með vísun til 23. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. sömu laga, ákveður Seðlabanki Íslands að bindihlutfall liða í bindigrunni skuli verða eins og að neðan greinir en bindihlutfallið tekur gildi 21. febrúar 2020:

Með vísan til 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. reglna Seðlabankans nr. 585/2018 um bindiskyldu skal við uppgjör bindiskyldu skipta bindihlutfalli milli fastrar bindiskyldu og meðaltalsuppfyllingar með eftirfarandi hætti:

Bindihlutfall af bindigrunni, föst bindiskylda	1,00%
Bindihlutfall af bindigrunni, meðaltalsuppfyllt bindiskylda	1,00%
Heildarbindihlutfall af bindigrunni	2,00%

Reykjavík, 5. febrúar 2020

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri

---

<sup>1</sup> Dagaregla: raun/360